

Unndís

Sara Dögg

Sérfræðingur

Atvinnumál fatlaðs fólks



Hvað er Unndís?

- ▶ **UNDIS – United Nations Disability Inclusion Strategy**
- ▶ **Inngildandi vinnustaðamenning**
- ▶ **Matskvarði og leiðarvísir**
- ▶ **Vinnumálastofnun leiðir verkefnið**

Unndís - Hvað býr að baki?

- ▶ Breytingar á örorkulífeyriskerfinu sem taka gildi í september 2025
 - Hlutaörorka sem ætlað er að hafi hvetjandi áhrif á frekari atvinnuþátttöku
- ▶ Landsáætlun um málefni fatlaðs fólks
 - D.11 Fleiri starfstækifæri fyrir fólk með mismikla starfsgetu

Hvað er Unndís?

- ▶ Verkfæri/leiðarvísir sem styður við **inngildandi** vinnustaðamenningu.
 - Stefnumótun – unnið með jafnréttisáætlun vinnustaðar
 - Mælanleg og tímasett markmið

Markmiðið er að **fjölga hlutastörfum** fyrir fatlað fólk og fólk með mismikla starfsgetu á vinnumarkaði.

Áhersla er lögð á fjölbreytni starfa, sveigjanleg störf, sem og tækifæri til starfsþróunar.

Inngilding

Inngilding / Inclusion

- ▶ Fjölbreytileiki á vinnustað kallar á stjórnun og forystu sem laðar fram og styður fjölbreyttan hóps starfsmanna og virkjar sem flesta með inngildingunni (e. inclusion).
- ▶ Hér er átt við að hver og einn **upplifi sig sem viðurkenndan á eigin verðleikum** og sem samþykktan þátttakanda í hópnum.
- ▶ Inngilding fatlaðs fólks, sem er mikilvægur þáttur félagslegrar sjálfbærni, leggur áherslu á að tryggja réttindi og þátttöku þeirra.

Lögin

- ▶ Með [lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018](#) er skýrt kveðið á um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði, hvort heldur beina eða óbeina, á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, **skertrar starfsgetu**, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar.
- ▶ Mikilvægt til að stuðla að virkri þátttöku sem flestra á vinnumarkaði en atvinnuþátttaka er talin ein þýðingarmesta leiðin til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og fátækt.
- ▶ [Jöfn meðferð á vinnumarkaði | Jafnréttisstofa \(jafnretti.is\)](#)

Stofnun rýnd

- ▶ Staða stofnunar rýnd út frá 13 mælikvörðum - Í hvaða þepi er stofnun staðsett?
 - ▶ 0. þrep: „Innleiðing ekki hafin“ (e. no requirements met)
 - ▶ 1. þrep: „Markviss nálgun“ (e. approaches requirements)
 - ▶ 2. þrep: „Kröfum mætt“ (e. meets requirements)
 - ▶ 3. þrep: „Framúrskarandi“ (e. exceeds requirements)

Dæmi um mælikvarða og þrep

► 6. Aðgengi (e. accessibility)

- Til að tryggja fulla þátttöku fatlaðra þurfa stofnanir að tryggja að þær séu aðgengilegar, bæði hvað varðar byggingar, samskiptatækni og vinnuumhverfi. Það þarf að framkvæma grunnmat á aðgengi og fylgjast reglulega með að stefnur um aðgengi séu framkvæmdar. Reglubundnar endurskoðanir á aðgengisstefnum eru nauðsynlegar til að meta hvort þörf sé á frekari úrbótum.

0. þrep	1. þrep	2. þrep	3. þrep
Innleiðing ekki hafin.			
	Gerð hefur verið úttekt á aðgengi.		
		Aðgengisstefna/ -áætlun er til staðar og hefur verið innleidd.	
			Endurskoðun/mat á stefnunni/áætluninni fer fram að minnsta kosti á tveggja ára fresti.

Aðkoma Vinnumálastofnunar

- ▶ Utanumhald og kynning á Unndísi og þjónustu við stofnanir við innleiðingu verkefnis.
- ▶ Ráðgjöf við að rýna tækifæri til starfa innan stofnunarinnar.
- ▶ Fræðsla um viðeigandi aðlögun á vinnustað.
- ▶ Stuðning við ráðningu í störf og eftirfylgd í starfi.
- ▶ Stuðningur við gerð tímaáætlunar og aðgerðaplans innleiðingar.
- ▶ Mat á stefnu og árangri innleiðingar.
- ▶ Endurgjöf og aðstoð við að ná betri árangir þar sem það á við

Atvinnutækifæri og tengiliður

- ▶ Atvinnutækifæri rýnd
 - ▶ Hvers konar störf gætu einstaklingar farið í?
 - ▶ Skilgreining á störfum
 - ▶ Fjöldi einstaklinga/stöðugilda sem hægt væri að ráða í?
- ▶ Stofnun úthlutar tengilið
 - ▶ Tengiliður leggur til tækifæri innanhúss
 - ▶ Fundur með tengilið og tímaáætlun gerð með honum
 - ▶ Séð fram á ráðningar í fyrsta lagi mánaðamótin febrúar/mars á næsta ári

Vinnusamningur öryrkja/mentorgreiðslur

- ▶ Alla jafna er gerður vinnusamningur öryrkja við vinnustað en hann er endurgreiðslusamningur á launum og launatengdum gjöldum.
 - ▶ Skilyrði vinnusamnings er að einstaklingur sé með greiðslur frá Tryggingastofnun í formi örorkustyrks/örorkulífeyris eða endurhæfingarlífeyris.
- ▶ Mentorgreiðslur
 - ▶ Greiddar eru 15.000 kr. á viku í 13 vikur til vinnustaðar/starfsþjálfara (e. mentors)
 - ▶ Hlutverk starfsþjálfara á vinnustað felst í því að veita starfsmanni sem er að hefja starf stuðning við það að ná tökum á starfinu.
 - ▶ Starfsþjálfari getur verið atvinnurekandi, millistjórnandi eða samstarfsmaður nýja starfsmannsins.

Unndís

Takk fyrir

Hafa samband: unndis@vmst.is